

Rannsóknaskýrslur 2001/17

Eskiholt II, Borgarbyggð

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Magnús A. Sigurðsson



Rannsóknaskýrslur 2001

Ljósmynd á forsiðu: Mynd 1: Loftmynd af Eskiholti II. (Byggðir Borgarfjarðar III: 192).

© 2001 Þjóðminjasafn Íslands/Magnús A. Sigurðsson
Öll réttindi áskilin.
ISSN 1560-8050

Efnisyfirlit

Inngangur	3
En hvað eru fornleifar?	3
Framkvæmd	4
Yfirlit yfir sögu byggðar á svæðinu	5
Náttúrufar og jarðabætur	5
Fornleifaskrá - Eskiholt 2.....	6
Vettvangsathugun	12
Niðurlag	13
Heimildir	13
Túnaupprættir 1920-1921. Þjóðskjalasafn Íslands. Túnakort	14
Skipulagsuppráttur	15

Inngangur

Vegna fyrirhugaðra skipulagshugmynda að Eskiholts II, Borgarbyggð, var farið fram á það við minjavörð Vesturlands og Vestfjarða, að hann skráði fornleifar á viðkomandi svæði, en eigi er hægt að samþykkja skipulagáætlanir án undangenginnar skráningar, einsog segir í 11. grein þjóðminjalaga nr. 107/2001:

...Skyld er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna....

Í 64. grein reglugerðar um þjóðminjavörslu (334/1998) er nánar kveðið á um fornleifaskráningu:

...Fornleifaskráning skal gerð undir stjórn fornleifafræðings. Við fornleifaskráningu skal þess gætt, að teknar séu saman ritaðar jafnt sem munnlegar heimildir um fornleifar og allir minjastaðir kannaðir á vettvangi, hvort sem fornleifar eru sýnilegar á yfirborði eða ekki...

Í skipulagsreglugerð nr. 400/1998, grein 4.20.1 stendur:

Í svæðis- og aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir þjóðminjum, staðsetningu þeirra og helstu einkennum, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð, í samræmi við ákvæði þjóðminjalaga.

Skyld er að fram fari fornleifaskráning áður en gengið er frá skipulagi, sbr. 3.2. Fornleifaskráning skal taka mið af þeirri nákvæmni sem skipulag er unnið í og frekari skráning eftir atvikum fara fram í tengslum við gerð deiliskipulags þar sem mannvirkjagerð er fyrirhuguð.

Mjög brýnt er að sinna fornleifaskráningu áður en hafnar eru framkvæmdir því að ómetanlegar minjar geta legið hvar sem er. Því getur það verið framkvæmdaaðila í hag að láta fram fara fornleifamat áður en hafist er handa, sbr. 13. grein þjóðminjalaga:

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

En hvað eru fornleifar?

Í 9. grein þjóðminjalaga er þessi skilgreining:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á,... Minjar 100 ára eða eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar,...

Ekki er um stórt svæði að ræða í þessu tilviki en hér hefur verið byggð frá landnámi, og því er brýnt að fara að öllu með gát.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalaus. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að finnist, öllum að óvörum, fornleifar sem nauðsynlegt verður að rannsaka. Auk kostnaðar við fornleifarannsóknir geta tafir á framkvæmdum haft mikinn kostnað í för með sér. Björgunaruppgröftur sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara og getur safnið krafist þess að þeim sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. þjml.).

Framkvæmd

Þann 26. júlí 2001 var gerð vettvangsskönnun í landi Eskiholts II, í hinum gamla Borgarhrepp. Var gengið um fyrirhugað framkvæmdasvæði og það borið saman við heimildir. Til eru fyrstu drög að fornleifaskráningu í Mýrarsýslu sem er samantekt heimilda. Var hún höfð til hliðsjónar, en þar eru samkvæmt heimildum skráðar 21 minjar í landi Eskiholts, en virðast vera 19, en jarðirnar voru teknar sem ein. Teknar voru myndir þar sem það átti við og skráð það sem fyrir augu bar. Land Eskiholts II er að mestu leyti mýrlendi en góðar engjaslægjur eru á flæðiengjum norður og austur af bænum. Vestast í landinu eru kjarri vaxnir klettaásar með sumarbústaðabyggð. Land Eskiholtsjarðanna liggur að vestan að landi Beigalda, Gufuár og Staðarhúsa. Að norðan nær það að landi Laxholts, Galtarholts og Heyholts, en að austan eru merki á móti Ferjubakkarofunni en Ölvaldsstöðum að sunnan.¹ Jarðir eru auðkenndar með tveimur númerum; í fyrsta lagi landsnúmeri sem Fasteignamat ríkisins hefur úthlutað (135027) og í öðru lagi númeri jarðarinnar samkvæmt Jarðatali Johnsens (98). Þar að auki eru fornleifunum gefin raðnúmer innan hverrar jarðar fyrir sig.

Í örfáum orðum er tegund og hlutverki minja lýst, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu, þótt þeirra sé getið í heimildum, og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um t.a.m. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er, því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

¹ Byggðir Borgarfjarðar III: 192.

Hafi fornminjarnar sérnafn er það sérstaklega skráð, en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra er lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. fjós eða hlaða.

Lagt er mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til þess að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist. Við skipulag framkvæmda er engu að síður nauðsynlegt að taka tillit til þessara heimilda því að fornleifar geta leynst undir sverðinum.

Til er örnefnalýsing yfir Eskiholt sem Ari Gíslason skráði eftir Bjarna Sveinssyni, þáverandi bónda þar, Kristbirni Kristjánssyni, einnig þar, og Hannesi Gíslasyni í Reykjavík

Eskiholt 2 - 135027-98

Yfirlit yfir sögu byggðar á svæðinu

Eskiholt II er helmingur jarðarinnar Eskiholts, næst sunnan við Svignaskarð og austan við Gufuá. Jörðinni var skipt í tvö lögbýli árið 1955. Eskiholts er getið í Landnámubók. Umsvif Skalla-Gríms voru einna mest í Borgarhreppi og nærliggjandi sveitum. Þágu margir af honum land í hreppnum og í Landnámubók er sagt frá að Rauði-Björn keypti land af Skalla-Grími milli Gljúfurás og Gufuár. Hann bjó að Rauða-Bjarnarstöðum „upp frá Eskiholti“, og er heygður þar,² en ekki er minnst á hver bjó að Eskiholti,

svo það er spurning hvort þetta hafi verið bæjarheiti eða örnefni.

Jörðin var um langan aldur þingstaður hreppsins. Að fornu var hún einnig nefnd Óskholt eða Öskjuholt.³

Í Jarðabók Árna Magnússonar er talað um Rauðbjarnarstaði sem kot í heimalandi og talið fimmtungur jarðarinnar. Einnig er talað um að þarna hafi áður bænhus verið. Rauðbjarnarstaðir virðist hafa farið í eyði 1708, en Árni Magnússon segir að menn efist um „hvort hjer hafi í gamla daga bygð verið, þó mönnum þyki það líklegt eftir nafninu og munnmælum fólks.“ Eigendur að Eskiholti 1709 voru tveir. Ekkjan Hólmfríður Sigurðardóttir, Síðumúla í Hvítársíðu, átti helming, en erfingjar Hans Vilhjálmssonar og Guðríðar Marchúsdóttur áttu hinn helmingin. Ábúandi var Jón Pétursson. Í bústofninum voru fimm kýr, ein kvíga að fyrsta kálfi, tvö veturgömul naut, 52 ær, 20 tveggjavetra og eldri sauðir, 30 veturgamlir sauðir, fimm hestar.⁴

Samkvæmt Jarðatali Johnsen voru þar 1847 10 kúgildi og er býlið Árnakot talið hluti Eskiholts og notað til beitar.⁵

Eigendur frá 1971-1994 voru Eysteinn Bjarnason (f. 20-09-1943) og Katrín R. Hjálmarsdóttir (f. 02-10-1945). Eigendur frá 1994 eru Bergur M. Jónson (f. 29-05-1955) og Birna K. Baldursdóttir (f. 18-05-1960).

Náttúrufar og jarðabætur

Land Eskiholts II er að mestu leyti mýrlendi en góðar engjaslægjur eru á flæðiengjum norður og austur af bænum. Vestast í landinu eru kjarri vaxnir

² Íslendingabók Landnámabók: 89-91.

³ Örnefnastofnun: 1.

⁴ Árni Magnússon og Páll Vídalín: 359-360.

⁵ Johnsen, J.: 128.

klettaásar með sumarbústaðabyggð.

Samkvæmt Jarðatali Árna Magnússonar frá 1709 er jörðin talin vera 50 hndr. að verðleika og eru Rauðbjarnarstaðir þar af 10 hndr. Fóðrast geta átta kýr, fjögur ungnaut, 60 lömb og tveir hestar. Skógur nógur til kolagerðar og eldiviðar en ekki raftviðar, torfrista, stunga og reiðingsrista næg fyrir heimamenn en lítið um mósukurð. Enginu er ekki óhætt af flóðum úr Hvítá, Norðurá, Gljúfurá, Galtarholtslæk og Skarðslæk, en það verður sjaldan stór skaði. Kvikfé er hætt fyrir forröðum og holgryfjulækjum.⁶ Samkvæmt Jarðatali Johnsen var jörðin talin vera 1847 40 hndr. að verðleika en býlið Árnakot er talið hluti Eskiholts og metið 10 hndr. að verðleika af sýslumanni.⁷

Fornleifaskrá - Eskiholt 2

Eskiholt 2 - 135027-98-1 Bænhús, Tóft

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Bænhús Þarna hafði staðið hús í manna minnum 1709, en ekki verið veittar tíðir svo fólk myndi. (ÁM, PV. Fjórða bindi, bls. 359) Í Jarðabók Á.M. segir að í Eskiholti hafi verið bænhús og fyrr á öldum hafi verið þar hálfkirkja. (BB III, bls. 192).“ (Karl Rúnar Þórsson og Margrét Guðjónsdóttir: 80).

Eskiholt 2 - 135027-98-2 Tóft

Sérheiti: Rauðbjarnarstaðir

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Rauðbjarnarstaðir Kallað öðru nafni Eskiholtskot. Árið 1709 voru 37 ár frá því byggð hafði verið þarna. Ekki fannst fólki að byggð hefði verið þarna í gamla daga þó er sú sögn til í munnmælum fólks. Ekki var að sjá neinar fornar girðingar. (ÁM, PV. Fjórða bindi, bls. 360)“ (Karl Rúnar Þórsson og Margrét Guðjónsdóttir: 80).

Eskiholt 2 - 135027-98-3 Gröf

Sérheiti: Óskarhóll

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Austanvert við núverandi hlöðu og fjós er afgangur hólhryggur með smáklettum upp úr. Hryggur þessi heitir Óskarhóll (1). Hann er kenndur við stúlku með þessu nafni; þess má geta, að annálar segja frá mannhvarfi. Einnig má og minnst þess, að bein fundust, þegar grafið var fyrir fjósi; voru þau af kvenmanni og ekki mjög fúin, tennur allar heilar, en það einkennilega var, að það vantaði annan handlegginn.“ (Örnefnastofnun).

Eskiholt 2 - 135027-98-4 Kvíar

Sérheiti: Kvíahóll

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Norður af Grundunum, en vestur af bæ og Þinghól er svo lágur, ávala (svo)

⁶ Árni Magnússon og Páll Vídalín: 359-360.

⁷ Johnsen, J.: 128.

hóll, sem heitir Kvíahóll (8). Þar voru kvíar eða stöðull frá báðum bæjunum, því lengst af hefur verið tvíbýli í Eskiholti.“ (Örnefnastofnun)

Eskiholt 2 - 135027-98-5 Stekkur

Sérheiti: Árnastekkur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Austan til við Töglin, næstum því heim við tún, er hollt, sem heitir Árnastekkur (26),...“ (Örnefnastofnun).

Eskiholt 2 - 135027-98-6 Stekkur

Sérheiti: Norðurbæjarstekkur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Vestast í Töglunum uppi á hæðinni er annar gamall stekkur, Norðurbæjarstekkur (28)...“ (Örnefnastofnun).

Eskiholt 2 - 135027-98-7 Aftaka, Dys

Sérheiti: Aftökuhóll

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Uppi á svokölluðum Steinboga, sem er rétt við Eskiholtssneiðina, er lítill hóll með rústum bæði á og hjá honum. Þetta er sunnan við gamla veginn og heitir hóllinn Aftökuhóll. Munnmæli segja að þetta hafi verið aftökustaður þeirra sem dæmdir voru á Þinghól. Margar þústanna eru mjög gamlar. Eru þetta dysjar sakamanna eða hefur verið byggð á hólum? (Ö)“ (Karl Rúnar Þórsson og Margrét Guðjónsdóttir: 80-81).

Eskiholt 2 - 135027-98-8 Stekkur

Sérheiti: Vesturbæjarstekkur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Beint suður af Aftökuhól eru melbungur, er heita Sléttimelur (38). Borgarfjarðarbrautin liggur sunnan við þennan mel. En sunnan við veginn og melinn er hár hóll með stekkjarrústum í. Þetta heitir Vesturbæjarstekkur (39).“ (Örnefnastofnun)

Eskiholt 2 - 135027-98-9 Varða

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Sunnan til við það [Hestholt (46)] er varða úr torfi, þar sem mætast lönd Eskiholts, Ferjubakka og Ölvaldsstaða.“ (Örnefnastofnun)

Eskiholt 2 - 135027-98-10 Sýra

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Svo er og hitt, að sýruker mun hafa verið í Óskarhól, búið til af mannahöndum.“ (Örnefnastofnun)

Eskiholt 2 - 135027-98-11 Dys

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: N: 65°37.516 V: 21°47.702

Staðhættir og lýsing



Mynd 2. Dys, málarnám rétt á bak við.

„Rétt við Skipborg á gamla veginum er dys, stór grjóthrúga. Þar er sagt, að sé dysjaður maður, sem hengdi sig í beitarhúsunum frá Eskiholti, en Hannes hafði heyrt, að maður þessi hafi heitið Árni og viljað vera dysjaður þar, sem hann sæi bæði heim að Árnakoti og að beitarhúsunum.“ (Örnefnastofnun)
Búið er að ganga of nálægt dysinni með málarnámi, og viðeigandi aðilum hefur verið send kvörtun.

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Verklegar framkvæmdir

Eskiholt 2 - 135027-98-12 Sel

Sérheiti: Efrasel

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Fyrir ofan Árásana, móts við húsið á Staðarhúsum, austur af Árásum, er lágur ás, sem nefndur er Selás (74), öðru nafni eldra Kolás (75). Aðeins suður af honum er moldarhóll með seltóftum. Þetta heitir Efrasel (76).“
(Örnefnastofnun)

Eskiholt 2 - 135027-98-13 Sel

Sérheiti: Björnssel

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Fyrir ofan Árásana, móts við húsið á Staðarhúsum, austur af Árásum, er lágur ás, sem nefndur er Selás (74), öðru nafni eldra Kolás (75). Aðeins suður af honum er moldarhóll með seltóftum. Þetta heitir Efrasel (76). Neðra selið er Björnssel.“ (Örnefnastofnun).

Eskiholt 2 - 135027-98-14 Kofi

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Á há-Eiríksás (svo) er rúst eftir yfirsetukofa; aðalbeitin var þarna upp frá.“
(Örnefnastofnun).

Eskiholt 2 - 135027-98-15 Reiðgata

Sérheiti: Reiðgötuásinn

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Reiðgötuásinn nær alveg þvert frá Gufuá að Galtarholtslækjarkrók.“
(Örnefnastofnun)

Eskiholt 2 - 135027-98-16 Rétt

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Neðan til við Kleppana er Réttarholt (88). Þar sást fyrir aðrekstrarrétt.“
(Örnefnastofnun).

Eskiholt 2 - 135027-98-17 Tóft

Sérheiti: Hagahús

Tegund: Heimild 465

Staðsetning: N: 64°37.613 V: 21°47.481

Staðhættir og lýsing



Mynd 3. Hagahús, horft í SV. Framkvæmdasvæðið í bakgrunni.

„Austan við Hagahúsin er móabarð, sem heitir Selbarð (97), en gamalt nafn á húsunum er Selhús (98). Þessi hús standa við gamla þjóðveginn,...“ (Örnefnastofnun).

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Landbrot

Eskiholt 2 - 135027-98-18 Þjóðvegur

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Tveir smáklettir voru þar [hjá Selbarði] sitt hvoru megin við veginn. Þar var tóft, sem kölluð var Þinghús (99)... Gamli vegurinn lá upp austan við húsin, upp með Breið upp í Hellishóla og þar yfir lækinn.“ (Örnefnastofnun).

Eskiholt 2 - 135027-98-19 Tóft

Sérheiti: Þinghúsið

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Tveir smáklettir voru þar [hjá Selbarði] sitt hvoru megin við veginn. Þar var tóft, sem kölluð var Þinghús (99). Nú er hún horfin, en Hannes mundi eftir, að Þinghúsið stóð uppi, var torfbygging með timburpili; verið var að hætta að nota það, þegar Hannes mundi eftir sér.“ (Örnefnastofnun).

Eskiholt 2 - 135027-98-20 Þingstaður

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Þingstaður Borgahreppinga var í Eskiholti líklega þar sem bæjarhúsin standa í dag en þau standa á hól er nefnist Þinghóll. (Byggðir Borgarfjarðar III: 192).

Eskiholt 2 - 135027-98-21 Varða

Tegund: Varða 465

Staðsetning: N: 64°37.321 V: 21°47.689

Staðhættir og lýsing



Mynd 4. Varða 1, horft í N, hinar vörðurnar í bakgrunni.

„Upp, norður og austur af Rjúpnaborg, er svo há og áberandi klettaborg með vörðum á, sem heitir Stóraborg (61). Vörðurnar eru þrjár.“ (Örnefnastofnun). Stór og mikil varða, sú fyrsta af þremum sem liggja í röð, suður til norðurs.

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Áfok

Eskiholt 2 - 135027-98-22 Varða

Tegund: Varða 465

Staðsetning: N: 64°37.326 V: 21°47.682

Staðhættir og lýsing

„Upp, norður og austur af Rjúpnaborg, er svo há og áberandi klettaborg með vörðum á, sem heitir Stóraborg (61). Vörðurnar eru þrjár.“ (Örnefnastofnun).
Leifar af stórrí vörðu, önnur af þremum sem liggja í röð, suður til norðurs.

Hættumat: Mikil hætta

Hættuorsök: Áfök



Mynd 5. Varða 2 og 3, horft í ANA, framkvæmdasvæðið í bakgrunni.

Eskiholt 2 - 135027-98-23 Varða

Tegund: Varða 465

Staðsetning: N: 64°37.329 V: 21°47.681

Staðhættir og lýsing

„Upp, norður og austur af Rjúpnaborg, er svo há og áberandi klettaborg með vörðum á, sem heitir Stóraborg (61). Vörðurnar eru þrjár.“ (Örnefnastofnun).
Stór og mikil varða, þriðja af þremum sem liggja í röð, suður til norðurs.

Hættumat: Lítil hætta

Hættuorsök: Áfök

Eskiholt 2 - 135027-98-24 Varða

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Við hann [Grænapytt (16)] er upphlaðin varða.“ (Örnefnastofnun)


Eskiholt 2 - 135027-98-25 Varða

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

„Innan við Partana er svo við Hópið varða við pytt, er heitir Rauðkupyttur (23).“
(Örnefnastofnun)

Vettvangsathugun



Mynd 6. Afstöðumynd af Eskiholdi II. Hringur utan um fyrirhugað framkvæmdasvæði. (Byggðir Borgarfjarðar III: 125.)

Einsog kom fram hér að framan þá eru til fyrstu drög að fornleifaskráningu í Mýrarsýslu, en þar eru samkvæmt heimildum skráðar 19 minjar í landi Eskiholdts. Að auki er minnst á fimm vörður og einn stekkur í örnefnaskrá og á túnakorti eru teiknaðar um 9 byggingar.

Tilvonandi framkvæmdasvæði er allt norðan þjóðvegarins, austan við Gufuá, á svæði sem almennt er kallað Borgir, mishæðótt og skógi vaxið að miklu leyti.

Af þeim 25 minjum sem skráðar eru á jörðina þá eru ekki nema tvær er tengjast þessu framkvæmdasvæði. Fyrst ber að nefna dysina á norðurhluta framkvæmdasvæðisins. Búið er að ganga of nærri dysinni með malarnámi en henni virðist ekki stafa hættu af tilvonandi framkvæmdum. Benda þarf viðeigendi aðilum á að ekki má hrófla við fornleifum, spilla þeim né granda.

Síðan ber að nefna Hagahús sem er að vísu utan við framkvæmdasvæðið en er haft hér með vegna þess hversu nálægt það er.

Á framkvæmdasvæðinu er að auki þrjár vörður er ber að varðveita. Vestarlega á framkvæmdasvæðinu er klettaberg er heitir Stóraborg. Þar eru þrjár vörður í röð er liggja N-S. En þær eru uppi á klettaborginni svo þeim er lítil hættu búin.

Niðurlag

Minjum virðist ekki stafa hættu af framkvæmdunum, en ein varðan uppi á Stóruborg er illa farin og þyrfti jafnvel að endurbyggja hana. Að öðru leyti virðist bara vera um kjarri vaxna ása að ræða þar sem ekki verður vart við mannvistarleifar. Ámælisvert er að dysin skuli hafa verið skemmt, en viðeigandi aðilum hefur verið bent á að ekki megi hrófla við henni.

Þar sem engin sjáanleg merki eru um að þetta skipulag hrófli við né skemmi fornleifar, sé ég ekkert sem mælir á móti þessu deiliskipulagi samkvæmt þjóðminjalögum, svo lengi sem framkvæmdaaðilar gera sér grein fyrir að ekki má hrófla við dysinni né vörðunum.

Heimildir

Árni Magnússon og Páll Vídalín. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Fjórtá bindi. Kaupmannahöfn 1925 og 1927.

Byggðir Borgarfjarðar III. Búnaðarsamband Borgarfjarðar 1983.

Eggert Ólafsson. Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757. Reykjavík MCMXLIII [1943].

Friðrik Jónson. Lýsing Staðar- og Reykhólasókna. Sóknarlýsingar Vestfjarða. I. Barðastrandasýsla. Reykjavík 1952.

Íslendingabók Landnámabók. Fyrri hluti. Reykjavík 1968.


Johnsen, J. Jarðatal á Íslandi. 1847.

Karl Rúnar Þórsson og Margrét Guðjónsdóttir. Fyrstu drög að fornleifaskráningu í Mýrarsýslu. Samantekt heimilda fyrir heildarskráningu. (Handrit - óútgefið) 1997.

Örnefnastofnun . Eskiholt. Borgarhreppur.

Túnauppdrættir 1920-1921. Þjóðskjalasafn Íslands. Túnakort

Þskájalaólz.



Skipulagsuppdráttur

